

Skólaráð Garðaskóla

Fundur 25. Apríl 2017 kl. 16-17 í stofu 215, Garðaskóla

Mættir: Brynhildur Sigurðardóttir, Ingibjörg Anna Arnarsdóttir, Sólveig Marý, Guðrún Ágústa, Helga Margrét, Thelma Rut, Ann Katrín, Guðrún Kristjánsdóttir, Gunnar Richardson, Helga Margrét Ólafsdóttir, Hildur Rudolfsdóttir, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir og Þorkell Jóhannsson.

Fundarstjóri Brynhildur Sigurðardóttir

Ritari Ingibjörg Anna Arnarsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Erindi til bæjarráðs – skólaráð sendi erindi til bæjarráðs um að skápar séu orðnir mjög lúnir. Skólastjóri upplýsir að erindið liggja á borði bæjarstjóra og hafi því ekki verið tekið fyrir. Skólastjóri mun ýta á eftir því.
3. Erindi ungmennaráðs –ályktun Ungmennaráðs Garðabæjar lögð fram til kynningar. Ungmennaráð Garðabæjar kvartaði yfir bættu aðgengi að dömubindum, túrtöppum og smokkum í skólum. Sameiginleg niðurstaða að skólastjóri gerir ráðstafanir til að tryggja að aðgengi sé að dömubindum en ekki smokkum á ákveðnum stað í skólanum. Skrifstofan nefnd sem ákjósanlegur staður til að geta fengið dömubindi. Það er ekki á ábyrgð grunnskólans að útvega nemendum smokka þar sem nemendur skólans eru undir kynlögaldri.
4. Læsisstofna – Menntamálastofnun er að þróa ákveðna gerð skimana sem skólinn mun bráðlega byrja að nota. Vinna við læsisstofnu er í vinnslu hjá skólanum. Nemendur kvarta yfir því að yndislestur falli of oft niður í skólanum af mismunandi ástæðum. Skólastjóri lagði fram viðmiðunarstundarskrá skólans og sýndi fyrirhugaðar breytingar er lúta að föstum lestrartímum á hverjum degi. 60 mínútna tímar verða 55 mínútur þar til að búa til 20 mín lestrartíma á hverjum. Ekki er ákveðið hvort tímarnir verða í umsjónartímum eða getuskiptir. Umræður um hvor leiðin sé betri. Skiptar skoðanir um það. Nemendaráð svaraði eftirfarandi spurningum og skilaði inn hugmyndum sínum:
Er skemmtilegt að lesa? Hvernig tryggjum við það? Hvert er hlutverk heimila?
5. Viðmiðunarstundarskrá- hvenær á skólinn að byrja 8.10 eða 8.30? Tillögur lagðar fram. Skiptar skoðanir. Meirihlutinn telur að 8.10 sé vænlegri kostur því þreyta gerir vart við sig seinni part dags, einnig sé heimavinnan eftir sem og tómsundur nemenda.
6. Símnótun – það eru skýrar reglur í Garðaskóla og í mörgum kennslustundum sést ekkert vandamál. Í ákveðnum tilvikum eru ákveðin vandamál. Hvað þarf að laga? Fundurinn skilaði tillögum til skólastjóra.
7. Jafnrétti – Verkefni sem lagt var fyrir í umsjón virðist hafa verið mikilvægt og gefur tilefni til nánari skoðunar. Nauðsynlegt að skoða hvernig við getum lagað fordóma hjá okkur. Jafnrétti fellur m.a. undir forvarnarnir. Yfirlit yfir helstu forvarnarverkefni sem unnin eru í Garðaskóla lagt fram og jafnréttisstofna skólans lesin yfir. Skólastjóri leggur til að skólaráð og nemendaráð taki eftirfarandi spurningar fyrir:
*Hvernig er fræðslan?
Einsleitt samfélag – eru fordómar í okkar hópi?
Hvernig eru samskiptum nemenda/kennara og starfsmanna háttáð? Getum við bætt þau?*